

Borgarráð

Framhald tilraunaverkefnis um styttingu vinnudags án launaskerðingar á umhverfis- og skipulagssviði

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að framlengja tilraunaverkefni um styttingu vinnudags á umhverfis- og skipulagssviði um einn mánuð eða til 1. maí nk.

Greinargerð:

Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 29. september 2016 hófst tilraunaverkefni um styttingu vinnudags á umhverfis- og skipulagssviði 1. október sl. Verkefninu var ætlað að standa í hálfu ári eða til 1. apríl nk. Ekki hefur tekist að vinna úr fyrirbyggjandi gögnum til að meta árangur verkefnisins með fullnægjandi hætti. Af þeim sökum er óskað eftir því við borgarráð að tilraunatímabilið framlengist til 1. maí nk. og verði um leið sambærilegt við tímabil annarra tilraunaverkefna sem hófust sl. haust. Stýrihópur um tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um styttingu vinnudags án launaskerðingar mun skila áfangaskýrslu í samræmi við erindisbréf eigi síðar en 1. maí 2017 ásamt tillögum að aðgerðum í framhaldinu.

Dagur B. Eggertsson